



Ref. 1107568

21. júní 2011

## **EFTA-ríkin og Hong Kong, Kína undirrita fríverslunarsamning**

*Schaan – 21. júní 2011 - Ráðherrar aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) – Íslands, Liechtensteins, Noregs og Sviss – og Hong Kong, Kína undirrituðu í dag fríverslunarsamning. Samningurinn er til þess fallinn að styrkja efnahagstengsl milli samningsaðila, svo og að efla viðskipti og fjárfestingar.*

Fríverslunarsamninginn milli EFTA og Hong Kong, Kína undirrituðu Aurelia Frick, utanríkisráðherra Liechtensteins, Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra Íslands og ráðherra utanríkisviðskipta, Rikke Lind, aðstoðarviðskipta- og iðnaðarráðherra Noregs, og Johann N. Schneider-Ammann, sambandsráðherra, yfirmaður efnahagsráðuneytis Sviss, svo og Gregory So Kam-leung, starfandi ráðherra viðskipta og efnahagsþróunar í Hong Kong, Kína.

Samningaviðræður milli EFTA og Hong Kong, Kína hófust í janúar 2010 og þeim lauk í mars 2011. Fríverslunarsamningurinn hefur vítt gildissvið og tekur meðal annars til viðskipta með vörur (iðnvarning og unnar landbúnaðarafurðir, fisk og aðrar sjávarafurðir), þjónustuviðskipta, fjárfestinga, verndar hugverkaréttar, opinberra innkaupa, samkeppni og viðskipta og umhverfismála. Meðal samningsskjala, sem fríverslunarsvæði samningsaðila verður byggt á, eru einnig tvíhliða samningar einstakra EFTA-ríkja og Hong Kong, Kína um verslun með landbúnaðarafurðir. Hliðstæður samningur um atvinnumál var gerður í tengslum við fríverslunarsamninginn.

Sameiginleg nefnd mun fylgjast með framkvæmd fríverslunarsamningsins. Samningarnir öðlast gildi þegar samningsaðilar hafa fullgilt þá.

Vöruviðskipti milli EFTA-ríkjanna og Hong Kong, Kína hafa aukist að meðaltali um 12% á tímabilinu 2005 til 2010. Heildarviðskipti milli aðila námu 8,3 milljörðum Bandaríkjadala á árinu 2010; útflutningur EFTA-ríkjanna til Hong Kong, Kína nam 6,5 milljörðum Bandaríkjadala og innflutningur 1,7 milljörðum Bandaríkjadala. Vöruviðskipti í báðar áttir voru aðallega með klukkur og úr og eðalsteina.

Í EFTA-ríkjunum búa alls um 13 milljónir manna; ríkin mynda saman níunda stærsta vöruviðskiptaaðila heims og eru umsvifamikil á sviði þjónustuviðskipta og beinnar erlendrar fjárfestingar. Þau hafa nú gert 23 fríverslunarsamninga við alls 32 samstarfsríki utan Evrópusambandsins.

Upplýsingar gefur:  
Tore Grønningsæter  
Upplýsinga- og fjölmiðlafulltrúi EFTA-skrifstofunnar  
+32 2 286 17 19  
[tgr@efta.int](mailto:tgr@efta.int)